

## L Ö G

31  
19. maí

um

sveitabanka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. KAFLI.

*Um sveitabanka.*

## 1. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

## 2. gr.

Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

Vexti af lánnum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

## 3. gr.

Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

## 4. gr.

Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim afbrigðum, er hér segir:

- 31 19. maí a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.
- b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.
- Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.
- c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
- d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar  $\frac{1}{2}\%$  ársvöxtum af öllum útlánnum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.
- e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.
- f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félagi með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.
- g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

## 5. gr.

Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

## 6. gr.

Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

## 7. gr.

Lán sveitabanka má veita gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

Vixillán má eigi veita til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengja lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Reikningslán má veita til eins árs í senn.

## 8. gr.

Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kaптúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, 31  
er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við inn- 19. maí  
lögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki  
veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum  
fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

#### 9. gr.

Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta  
í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins.  
Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðs-  
deildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð  
yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

Nú verður víxill, sem sveitabanki hefir ábyrgzt fyrir félagsmann sinn,  
eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxil-  
rétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum »án afsagnar« eða  
annari slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan  
meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist  
af þeim eins og öðrum útlánunum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d., enda  
skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

#### 10. gr.

Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án  
milligöngu sparisjóða og annara peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla  
sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

#### 11. gr.

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði  
um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

#### 12. gr.

Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafna-  
skrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska,  
í skrifstofu sýslumanns.

Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar  
þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

#### 13. gr.

Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofn-  
un þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum, afrit af endurskoð-  
uðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endur-  
skoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Ennfremur til-  
kynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur  
þess og starfsmenn.

31

19. maí

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

Lausafjárveð sveitabanka vikur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, en gengur fyrir kröfum samkv. 84. gr. sömu laga.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum sínum.

## II. KAFLI.

### *Um bústofnslánafélög.*

15. gr.

Bústofnslánadeild Búnaðarbankans og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.

16. gr.

Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.

Ákvæði 4. gr. þessara laga, staflíðir a, b, c, d, f og g, gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.

17. gr.

Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, ennfremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett félaginu fyrir lánnum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.

18. gr.

Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Ennfremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meiru en 2000 kr.

Utanfélagsmönnum má ekki lána.

## 19. gr.

31  
19. maí

Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfæraкупа veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.

## 20. gr.

Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lán-um sínum.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé lántakanda eða öðrum þeim tryggingum, er félagsstjórnin tekur gildar. Séu lánin veitt gegn veði í búfé eingöngu, mega þau ekki nema meiru en helmingi verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

## 21. gr.

Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsféð sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfæra-kaupa, eða hann hefir fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggji við samkv. öðrum lögum.

## 22. gr.

Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

## 23. gr.

Ákvæði 51. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, 1. og 2. málgr., gilda einnig fyrir bústofnslánafélög, að því leyti er við á.

## 24. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

## 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*